



VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

CONFEDERATION OF ICELANDIC EMPLOYERS

Alþingi

Erindi nr. P 123/674

komudagur 16.12.1998

Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri
v/Templarasund

150 REYKJAVÍK

GARDASTRÆTI 41 SÍMI 511 5000
Garðastræti 41 Tel. 354 511 5000 - Fax. 354 511 5030

PÓSTHÓLF 520 121 REYKJAVÍK ÍSLAND
P.O. Box 520 121 Reykjavík Iceland

TÍEV. YDAR
Your ref.

BRÉF YDAR
Your letter

HM. VOR
Our ref.

ÞAGS
Date

PVP/jg

Rvk. 16.12.1998

Efni: Frumvarp til breytinga á skaðabótarlögum, 183. mál.

Vinnuveitendasambandinu hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á skaðabótarlögum. Heita má að skaðabótarlögin hafi verið til stöðugrar endurskoðunar allt frá því þau voru fyrst sett 1993, en síðast voru þau til efnislegrar umfjöllunar á Alþingi í febrúarmánuði 1996. Vinnuveitendasambandið átti þá kost á að koma að ítarlegri umsögn um málið og hefur nú í ýmsum atriðum verið tekið tillit til ábendinga samtakanna sem þá voru settar fram.

Samtökin vilja þó gjarnan koma eftirfarandi ábendingum á framfæri við háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd:

1. Vinnuveitendasambandið saknar þess að í fylgiskjöllum frumvarpsins sé ekki að finna heildstætt mat á fjárhagslegum áhrifum þeirra breytinga sem tillaga er gerð um. Skaðabótarlög snerta hagsmuni þúsunda, jafnvel tugþúsunda einstaklinga og fyrirtækja á hverju ári og breytingar á þeim reglum sem gilda um fjárhagslegt uppgjör á tjóni sem einn veldur öðrum hefur því mikil efnahagsleg áhrif, ekki bara fyrir tjónþola, heldur ekki síður fyrir tjónvald. Það er því miður að ekki skuli gerð tilraun til að draga fram áætluð áhrif breytinganna í heild sinni.
2. Vinnuveitendasambandið hefur áður lýst stuðningi við þá meginreglu að tjónþoli eigi að fá fjártjón sitt bætt en jafnframt að horfa beri á lögbundin bótaúrræði sem eina heild. Það hefur verið ríkjandi viðhorf á Norðurlöndum að leitast við að draga úr vægi skaðabótarréttar í heildarumfangi bótakerfisins þannig að önnur bótaúrræði fái þar aukna þýðingu. Þetta hefur einnig gerst hér á landi, m.a. með öflugri uppbyggingu lögbundins lífeyriskerfis sem fjármagnað er með sameiginlegum iðgjöldum atvinnurekenda og launamanna og eigin iðgjaldi sjálfstætt starfandi atvinnurekenda ef um það er að tefla. Þá eru á almennum vinnumarkaði lögbundið að atvinnurekendum beri að greiða iðgjald til sjúkrasjóða sbr. lög nr. 19/1979 svo bætur þeirra hljóta einnig að skoðast sem hluti af lögbundnum bótaúrræðum. Þá eru ótaldar bætur almannatrygginga og lög- eða sammingsbundinna slysa- og ábyrgðatrygginga.

Vinnuveitendasambandið er mjög ákveðið þeirrar skoðunar að þessum lög- og sammingsbundnum tryggingum hafi m.a. verið komið á til þess að setja öryggisnet gagnvart afkomu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum slysa en einnig til þess að draga úr fjárhagslegum afleiðingum tjóns gagnvart tjónvaldi ef um það er að tefla.



Því beri að taka að fullu tillit til bóta úr öllum ofangreindum bótakerfum til frádráttar útreiknuðu tjóni tjónþola og þá skaðabótum sem falli á tjónvald. Ef ekki þá hlýtur tjónþoli að hafa fjárhagslegan ávinning af skaða sínum sem væri siðferðilega röng uppbygging á heildstæðu bótakerfi.

3. VSÍ hefur efasemdir um ákvæði 6. greinar frumvarpsins þar sem enn er mælt fyrir um lágmarkstekjuviðmið við uppgjör bóta sem miða beri við án tillits til þess hvert raunverulegt fjártjón er. Í ýmsum tilfellum sýnir tekjusaga og horfur á tekjuöflun með ótvíræðum hætti að ekki sé um það fjártjón að ræða sem svarar til um 120.000 kr. mánaðartekna. Í 2. málsgr. 6. greinar að árslaun skuli þó metin sérstaklega þegar óvanalegar ástæður eru fyrir hendi og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Þetta er ekki óeðlilegt ákvæði en verður hins vegar kyndugt þegar í 3. málsgr. er tekið fram að því megi aðeins beita til hækkunar á tekjuviðmiðun tjónþola. Þetta ákvæði er óeðlilegt því ef á annað borð á að vera heimilt að hafa slíkt frjálst mat á ætlaðri tekjuþróun þá hlýtur það bæði að vísa til hækkunar og lækkunar. Því ætti í 3. málsgr. 6. greinar að fella út tilvísun í 2. málsgr. sömu greinar. Með hliðsjón af heimildarákvæði til að víkja frá tekjuviðmiðun þriggja síðustu ára sýnast hins vegar hæpin rök fyrir því að ákveða lágmarksviðmið tekna jafnháa og hér er gert. Með hliðsjón af því sýnist nær lagi að miða lágmarkið við nokkru lægri fjárhæð, t.d. eina milljón kr. en það svarar til um 100.000 kr. mánaðartekna um þessar mundir.
4. Eitt af framfararskrefum með setningu skaðabótarlaganna var samræmt mat á örorku með stofnun örorkunefndar. Í 9. gr. laganna er lagt til að þetta mat á örorku og miska verði að mestu fært til fyrra horfs en örorkumatsnefnd gerð að áfrýjunarstigi. Vinnuveitendasambandið telur þetta afturför og telur fyrir samræmis sakir æskilegt að viðhalda því kerfi sem núgildandi ákvæði laganna mæla fyrir um.

Vinnuveitendasambandið hefur ekki sjálfstæðar athugasemdir fram að færa varðandi ýmis tæknileg úrlausnarefni sem frumvarpið tekur á. Ýmsar af ábendingum þeim sem Samband ísl. tryggingafélaga hefur kynnt og að þessu líta eru þó með þeim hætti að Vinnuveitendasambandið telur fullt tilefni til þess fyrir háttvirta efnahags- og viðskiptanefnd að gaumgæfa þær ábendingar sem þar eru fram settar.

Virðingarfyllt,

Þórarinn V. Þórarinsson, framkvæmdastjóri